

REGLUGERÐ

um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerð þessarar er að kveða á um sameiginlegar kröfur um veitingu flugleiðsöguþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins í þeim tilgangi að efla öryggi og skilvirkni.

2. gr.

Gildissvið.

Gildissvið reglugerðar þessarar tekur til flugleiðsöguþjónustu sem veitt er hér á landi, í lofthelgi Íslands og í því loftrými sem Íslandi hefur verið falin þjónusta í samkvæmt skuldbindingum og samningum á sviði þjóðaréttar.

3. gr.

Orðskýringar.

Vísað er til frekari orða og orðskýringa en hér greinir í reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Flugleiðsöguþjónusta (*Air Navigation Services*): Með flugleiðsöguþjónustu er átt við flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu, leiðsögu- og kögunarþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónustu flugmála.

Loftrýmisreglugerðin (*Airspace Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal IV með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Rammareglugerðin (*Framework Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku flugumferðarsvæði, sjá fylgiskjal II með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Rekstrarsamhæfisreglugerðin (*Interoperability Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Sjá fylgiskjal V með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Starfsmenn í öryggistengdum störfum (*Safety-sensitive personnel*). Starfsmenn sem gætu heft öryggi í flugi ef þeir framkvæma störf sín og skyldur á óviðeigandi hátt. Þeir eru, en þó ekki takmarkaðir við, flugáhafnir, viðgerðarmenn loftfara og flugumferðarstjóra.

Þjónustureglugerðin (*Service Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal III með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

4. gr.

Leiðbeiningarefni.

Víða í reglugerð þessari er vísað til krafna og leiðbeiningarefnis í viðaukum við Chicago samninginn (samningsins um alþjóðlegt almenningsflug) og leiðbeinandi efnis útgefins af Alþjóðaflugmálastofnuninni og krafna og leiðbeiningarefnis Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (EUROCONTROL).

Leiðbeiningarefnið hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum þeim sem í reglugerð þessari er lýst eða er þeim kröfum til frekari uppfyllingar. Fylgja skal þessu leiðbeiningarefni til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar, nema til komi a.m.k. jafngildar aðferðir sem ekki eru taldar skerða flugöryggi að mati Flugmálastjórnar Íslands. Til að samþykkja aðferðir sem jafngildar, þarf umsækjandi að sýna á fullnægjandi hátt fram á að flugöryggi skerðist ekki með sérfræðiáliti sem Flugmálastjórn metur viðunandi.

5. gr.

Eftirlitsstjórnvald.

Tilnefnt eftirlitsstjórnvald samkvæmt reglugerð þessari er Flugmálastjórn Íslands. Flugmálastjórn Íslands annast tilkynningar til Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli reglugerðarinnar.

6. gr.

Ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri.

Ábyrgðarmaður daglegs rekstrar ber ábyrgð á veitingu flugleiðsöguþjónustu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Öryggisstjóri hjá veitanda flugumferðarþjónustu og veitanda fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu ber ábyrgð á öryggisstjórnunarkerfi skv. 3. gr. viðauka II við reglugerð þessa.

Ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri skulu vera sérstakir trúnaðarmenn Flugmálastjórnar Íslands hjá þjónustuveitanda og hljóta til þess viðurkenningu stofnunarinnar samkvæmt umsókn. Skal mat Flugmálastjórnar á viðurkenningu grundvallast á forsendum um menntun, kunnáttu og reynslu.

Ef ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri láta af störfum hjá þjónustuveitanda eða hyggjast gera það, ber að tilkynna Flugmálastjórn um það tafarlaust og sækja um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi þjónustuveitanda má ekki halda áfram án leyfis Flugmálastjórnar fyrr en nýr ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri hafa hafið störf að nýju.

Tilnefna má staðgengla ábyrgðarmanns daglegs rekstrar og öryggisstjóra. Leita ber viðurkenningar Flugmálastjórnar fyrirfram á hlutaðeigandi.

Nú telur Flugmálastjórn að ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og öryggisstjóri uppfylli ekki lengur það traust sem honum er áskilið og skal stofnuninni þá heimilt að draga viðurkenningu sína til baka til bráðabirgða en að fullu telji stofnunin forsendur brostnar fyrir viðurkenningu. Flugmálastjórn skal eiga endanlegt mat á viðurkenningu á trúnaðarmönnum.

7. gr.

Gæðakerfi.

Þrátt fyrir ákvæði 3.2. í viðauka I við reglugerð þessa skal veitandi flugleiðsöguþjónustu frá og með gildistöku reglugerðar þessarar hafa komið á gæðakerfi sem tekur til allrar þjónustu sem starfsleyfi nær til.

8. gr.

Viðbragðsáætlanir.

Þrátt fyrir ákvæði 8.2. í viðauka I við reglugerð þessa skal veitandi flugleiðsöguþjónustu frá og með gildistöku reglugerðar þessarar hafa innleitt viðbragðsáætlanir fyrir alla þá þjónustu sem hann veitir, til að bregðast við atburðum sem hafa í för með sér verulega skerðingu eða truflun á viðkomandi þjónustu.

9. gr.

Misnotkun geðvirkra efna.

Hver sá sem hefur á hendi störf sem varða öryggi flugs (starfsmenn í öryggistengdum störfum), skal ekki gegna starfa sínum ef hann hefur neytt einhverra geðvirkra efna sem rýra starfshæfni hans. Slíkum starfsmönnum skal óheimil hvers konar misnotkun geðvirkra efna.

10. gr.

Tilkynningaskylda.

Leyfishafi skal tilkynna um öll frávik frá starfseminni í samræmi við ákvæði reglugerðar um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og flugatvika, eins og hún er á hverjum tíma.

11. gr.

Rekstrarfyrirmæli.

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli til handhafa starfsleyfis varðandi einstaka rekstrarþætti eða reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu flugöryggis.

Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi ber að viðhafa.

12. gr.

Málskotsréttur.

Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands sæta kæru samkvæmt almennum reglum stjórnarsýslulaga.

13. gr.

Refsingar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

14. gr.

Gildistaka og innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 frá 20. desember 2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu, sem er meðfylgjandi reglugerð þessari merkt fylgiskjal I, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2006.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr. a., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og staðfestist hér með til að taka gildi þann 1. júlí 2008. Samhliða fellur úr gildi reglugerð um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu nr. 535/2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirlitsskyldir aðilar, sem þegar hafa fengið útgefin starfsleyfi til bráðabirgða í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi nr. 535/2006, við gildistöku reglugerðar þessarar, skal veittur aðlögunartími til 31. desember 2008 til að uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar að fullu.

Samgönguráðuneytinu, 20. júní 2008.

Kristján L. Möller

Ragnildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2096/2005
frá 20. desember 2005
um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu.
 (Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 4. og 6. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 550/2004 ber framkvæmdastjórninni að ákvarða sameiginlegar kröfur um að veita flugleiðsöguþjónustu í öllu Bandalaginu. Reglugerð, sem gildir án lögfestingar, er best til þess fallin.
- 2) Veiting flugleiðsöguþjónustu innan Bandalagsins skal háð starfsleyfi í aðildarríkjunum. Veitendum flugleiðsöguþjónustu, sem uppfylla sameiginlegu kröfurnar, skal veitt starfsleyfi í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem heimilt er að stunda rekstur án starfsleyfis, skulu kappkosta að tryggja að farið sé í einu og öllu að sameiginlegu kröfunum að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra heimilar það.
- 3) Beiting sameiginlegra krafna, sem mæla skal fyrir um skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, skal vera með fyrirvara um yfirráðarétt aðildarríkjanna yfir eigin loftrými og kröfur aðildarríkjanna varðandi allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál, eins og fram kemur í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽²⁾. Þessar sameiginlegu kröfur taka ekki til hernaðaraðgerða og herþjálfunar sem falla undir gildissvið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 4) Við skilgreiningu á sameiginlegum kröfum um veitingu flugleiðsöguþjónustu skal taka tilhlyðilegt tillit til réttarstöðu veitenda flugleiðsöguþjónustu í viðkomandi aðildarríkjum. Þegar stunduð er önnur starfsemi á vegum stofnunarinnar eða fyrirtækisins en veiting flugleiðsöguþjónustu skulu sameiginlegar kröfur, sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, ekki gilda um þá starfsemi eða þau tilföng sem ráðstafað er til annarrar starfsemi en veitingu flugleiðsöguþjónustu nema sett séu ákvæði um hið gagnstæða.
- 5) Beiting sameiginlegra krafna, að því er varðar veitendur flugleiðsöguþjónustu, skal vera í réttu hlutfalli við áhættu, sem tengist tilteknum þáttum hverrar þjónustu, t.d. fjölda og/eða eðli og eiginleikum frágenginna hreyfinga. Ef tiltekni veitendur flugleiðsöguþjónustu kjósa að nýta sér ekki þann kost að veita þjónustu yfir landamæri og afsala sér þannig rétti til gagnkvæmrar viðurkenningar innan samevrópska loftrýmisins skulu innlend eftirlitsyfirvöld eiga rétt á að heimila hverjum þessara veitenda að uppfylla, innan hóflegra marka, almennar kröfur um veitingu flugleiðsöguþjónustu og tiltekna, sértækar kröfur um veitingu flugumferðarþjónustu. Þar af leiðandi skulu skilyrðin, sem fylgja starfsleyfinu, vera í samræmi við eðli og umfang undanþágunnar.
- 6) Til þess að tryggja að fyrirkomulag við veitingu starfsleyfis gangi eðlilega fyrir sig skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar um undanþágur, sem innlend eftirlitsyfirvöld hafa veitt, með skírskotun til ársskýrslu sinnar.
- 7) Ekki er víst að sömu kröfur gildi um mismunandi tegundir flugleiðsöguþjónustu. Því er nauðsynlegt að aðlaga sameiginlegar kröfur að sérstökum eiginleikum hverrar tegundar þjónustu fyrir sig.
- 8) Veitendum flugleiðsöguþjónustu ber skylda til að ganga úr skugga um að farið sé að öllum ákvæðum á gildistíma starfsleyfisins og að því er varðar allar tegundir þjónustu sem það tekur til.
- 9) Til þess að tryggja að sameiginlegum kröfum sé beitt á skilvirkan hátt skal koma á fót kerfi fyrir reglubundna umsjón og eftirlit með því að farið sé að þessum sameiginlegu kröfum og tilgreindum skilyrðum í starfsleyfinu. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal ganga úr skugga um hæfi þjónustuveitanda áður en starfsleyfi er gefið út og meta árlega hvort veitandi flugleiðsöguþjónustu, sem innlenda eftirlitsyfirvaldið hefur veitt starfsleyfi, fer að kröfunum. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal því koma á og uppfæra árlega leiðbeinandi skoðunaráætlun á grundvelli mats á áhættu sem nær til allra þjónustuveitenda sem hafa fengið starfsleyfi. Með áætluninni skal gert kleift að skoða allar

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

viðeigandi deildir þeirra sem veita flugleiðsöguþjónustu innan hæfilegra tímamarka. Við mat á því hvort tilnefndir veitendur flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu fara að kröfunum skal innlenda eftirlitsyfirvaldið hafa rétt til að kanna kröfur þar að lútandi sem byggjast á alþjóðlegum skuldbindingum hlutaðeigandi aðildarríkis.

- 10) Jafningjarýni á vegum innlendra eftirlitsyfirvalda skal efla sameiginlega nálgun á eftirliti með veitendum flugleiðsöguþjónustu í gervöllu Bandalaginu. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, koma á þessari jafningjarýni og skal hún samræmd þeirri starfsemi sem fram fer innan ramma eftirlits- og stuðningsáætlunar (ESIMS) við framkvæmd öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (ESARR) og úttektaráætlunar sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur unnið í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Þetta mun koma í veg fyrir tvíverknað. Til þess að gera kleift að miðla reynslu og bestu starfsvenjum meðan á jafningjarýni stendur skulu sérfræðingar í hverju ríki fyrir sig einkum koma úr röðum innlendra eftirlitsyfirvalda eða frá viðurkenndri stofnun eða fyrirtæki.
- 11) Innan Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu hafa verið þróaðar öryggiskröfur (ESARR) sem hafa mikla þýðingu fyrir veitingu öruggar flugumferðarþjónustu. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 550/2004, auðkenna og taka upp ákvæði í öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 3 (ESARR 3) um notkun þjónustuveitenda á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar (ATM) á öryggisstjórnunarkerfum, í öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 4 (ESARR 4) um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og í öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 5 (ESARR 5), um starfsmannahald á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar, og kröfur varðandi tæknifólk sem sinnir öryggistengdum verkefnum. Samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um Bandalagsskírteini fyrir flugumferðarstjóra⁽³⁾ sem tekur til ákvæða öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 5 (ESARR 5) að því er varðar flugumferðarstjóra. Því þykir ekki við hæfi að endurtaka þau ákvæði í þessari reglugerð. Setja skal þó ákvæði sem skylda innlent eftirlitsyfirvald til að hafa eftirlit með því að starfsfólk veitanda flugumferðarþjónustu, einkum flugumferðarstjórar, hafi tilskilin skírteini, ef gerð er krafa um slíkt.
- 12) Á sama hátt þykir ekki við hæfi að endurtaka ákvæði öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 2 (ESARR 2) um skýrslugjöf og mat á öryggisatvikum innan rekstrarstjórnunar flugumferðar sem fellur undir tilskipun ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsslugi⁽⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu atvika í almenningsslugi⁽⁵⁾. Innleiða skal þó ný ákvæði um öryggisatvik til að krefjast þess að innlend eftirlitsyfirvöld gangi úr skugga um að veitandi flugumferðarþjónustu og einnig veitandi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu uppfylli kröfur um skýrslugjöf og mat á slíkum atvikum. Viðeigandi ákvæði öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 1 (ESARR 1) um öryggiseftirlit innan rekstrarstjórnunar flugumferðar og öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 6 (ESARR 6) um hugbúnað kerfa innan rekstrarstjórnunar flugumferðar skulu skilgreind og samþykkt í sérgerðum Bandalagsins.
- 13) Í fyrsta lagi skal einkum viðurkenna að öryggisstjórnun sé sú starfsemi innan flugumferðarþjónustu sem tryggir að öll öryggisáætlað hafi verið auðkennd, metin og ráðstafanir gerðar til að draga úr henni á viðunandi hátt og í öðru lagi að formleg og kerfisbundin nálgun við öryggisstjórnun muni hámarka ávinning af öryggi á sýnilegan og rekjanlegan hátt. Framkvæmdastjórnin skal uppfæra og tilgreina nánar öryggiskröfurnar, sem gilda um flugumferðarþjónustu, til að tryggja eins hátt öryggisstig og unnt er án þess þó að það takmarki mögulegt framtíðarhlutverk Flugöryggisstofnunar Evrópu sem heimilt er að skilgreina á þessu sviði.
- 14) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu starfa í samræmi við viðeigandi staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í því skyni að greiða fyrir veitingu þjónustu yfir landamæri skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, í náinni samvinnu við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, vinna að því að lágmarka þann mismun sem er á beitingu staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á sviði flugleiðsöguþjónustu, sem aðildarríkin hafa tilkynnt um, til þess að komast að samkomulagi um sameiginlegt safn af stöðlum í aðildarríkjum innan samevrópska loftrýmisins, einkum í því skyni að þróa sameiginlegar flugreglur.
- 15) Mismunandi fyrirkomulag aðildarríkjanna, að því er varðar bótaábyrgð, skal ekki koma í veg fyrir að veitandi flugleiðsöguþjónustu geri samninga um veitingu þjónustu yfir landamæri eftir að viðkomandi aðili hefur gert ráðstafanir til að mæta tapi vegna bótaábyrgðar samkvæmt gildandi lögum. Þegar ákveðið hefur verið að beita tiltekinni aðferð skal fylgja lagaskilyrðum í hverju aðildarríki fyrir sig. Aðildarríki, sem heimila veitingu flugleiðsöguþjónustu í öllu loftrýminu, sem er á ábyrgð þeirra, eða hluta þess, án þess að starfsleyfi sé fyrir hendi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 550/2004, skulu taka á sig bótaábyrgð þessara þjónustuveitenda.

⁽³⁾ COM(2004) 473, hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

- 16) Jafnvel þótt í öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 4 (ESARR 4) séu skilgreind hámarkslíkindaþölmörk fyrir því að rekstrarstjórnun flugumferðar eigi beina aðild að slysum innan svæðis Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) hafa þessi þölmörk ekki enn verið ákvörðuð fyrir alla alvarleikaflokka. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, í samvinnu við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, skulu ljúka við og uppfæra þessi líkindi og þróa aðferðir til að beita þeim við mismunandi aðstæður.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 (rammareglugerðin).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur um veitingu flugleiðsöguþjónustu. Þessar sameiginlegu kröfur gilda þó ekki um eftirfarandi nema það sé sérstaklega tekið fram í I. eða II. viðauka:

- a) aðra starfsemi þjónustuveitenda en þá sem snýr að veitingu flugleiðsöguþjónustu,
- b) tilföng sem ráðstafað er til annarrar starfsemi en veitingar flugleiðsöguþjónustu.

Í þessari reglugerð eru skilgreind og samþykkt lögboðin ákvæði eftirfarandi öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu sem eiga við um starfsleyfi fyrir veitendur flugleiðsöguþjónustu:

- a) öryggiskröfur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 3 (ESARR 3), um notkun öryggisstjórnarkerfa meðal þjónustuveitenda á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar (ATM), sem gefnar voru út 17. júlí 2000,
- b) öryggiskröfur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 4 (ESARR 4), um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar, sem gefnar voru út 5. apríl 2001,
- c) öryggiskröfur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 5 (ESARR 5) um starfsmannahald á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og kröfur varðandi tæknifólk, sem sinnir öryggistengdum verkefnum, sem gefnar voru út 11. apríl 2002.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. Í þessari reglugerð gildir merking þeirra hugtaka sem ákvörðuð var með reglugerð (EB) nr. 549/2004 (rammareglugerðin).

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar, sem um getur í 1. mgr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „verkflug“: hvers kyns starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu, s.s. í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, leit og björgun eða auglýsingaflug,
- b) „flutningaflug“: öll starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, farni eða pósti gegn greiðslu eða leigugjaldi,
- c) „starfrænt kerfi“: sambland af kerfum, verklagi og mannauði sem er skipulagt til að annast verkefni í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar,
- d) „almannaflug“: hvers kyns starfræksla almenningsloftfara að undanskildu flutningaflugi og verkflugi,
- e) „innlent eftirlitsyfirvald“: einn eða fleiri aðilar sem aðildarríkin tilnefna eða koma á fót sem innlendu yfirvaldi sínu skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 (rammareglugerðin),
- f) „hætta“: hvers kyns aðstæður, atburðir eða aðstæður sem geta haft í för með sér slys,
- g) „stofnun eða fyrirtæki í rekstri“: stofnun eða fyrirtæki sem ber ábyrgð á að veita verk- og tækniþjónustu til stuðnings flugumferðar-, fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu,
- h) „áhætta“: sambland af heildarlíkum eða tíðni skaðlegra áhrifa sem skapast af völdum hættu og alvarleika þessara áhrifa,
- i) „fullvissa um öryggi“: allar skipulegar og kerfisbundnar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til að veita viðeigandi tiltrú, til að framleiðsluvara, þjónusta, stofnun eða fyrirtæki eða starfrænt kerfi öðlist viðunandi eða þolanlegt öryggi,
- j) „öryggismarkmið“: eigindleg eða meginleg yfirlýsing þar sem skilgreind er hámarkstíðni eða -líkur á því að hætta geti átt sér stað,
- k) „öryggiskrafa“: leiðir til að draga úr áhættu, skilgreindar út frá aðferðum til að draga úr áhættu sem uppfylla tiltekið öryggismarkmið, þ.m.t. kröfur varðandi skipulag, rekstur, verklag, virkni, árangur og rekstrarsamhæfi eða umhverfiseiginleika,
- l) „þjónusta“: annaðhvort flugleiðsöguþjónusta eða þjónustupakki á sviði flugleiðsögu.

3. „veitandi flugleiðsöguþjónustu“: stofnun eða fyrirtæki sem hefur sótt um starfsleyfi til að veita slíka þjónustu.

3. gr.

Veiting starfsleyfa.

1. Til þess að fá nauðsynlegt starfsleyfi til að veita flugleiðsöguþjónustu og með fyrirvara um 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin) skal veitandi flugleiðsöguþjónustu uppfylla almennu, sameiginlegu kröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, og einnig sérstakar viðbótarkröfur, sem settar eru fram í II. til V. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við þá tegund þjónustu sem veitt er, sbr. þó undanþágur skv. 4. gr.
2. Innlent eftirlitsyfirvald skal ganga úr skugga um að veitandi flugleiðsöguþjónustu uppfylli sameiginlegu kröfurnar áður en viðkomandi þjónustuveitandi fær útgefið starfsleyfi.
3. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal uppfylla sameiginlegu kröfurnar, eigi síðar en við útgáfu starfsleyfisins, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin).

4. gr.

Undanþágur.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. geta tilteknir veitendur flugleiðsöguþjónustu kosið að nýta sér ekki tækifærið til að veita þjónustu yfir landamæri og geta þannig afsalað sér réttindum til gagnkvæmrar viðurkenningar í samevrópska loftrýminu.
Við þær aðstæður er þeim heimilt að sækja um starfsleyfi sem takmarkast við loftrýmið sem er á ábyrgð aðildarríkisins sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin).
Til þess að leggja inn slíka umsókn skal veitandi flugumferðarþjónustu einungis veita eða áætla að veita téða þjónustu í tengslum við einn eða fleiri eftirfarandi flokka:
 - a) almannaflug,
 - b) verkflug,
 - c) flutningaflug sem takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksmassa eða færri en 20 farþegasæti,
 - d) flutningaflug með færri en 10 000 hreyfingar á ári, án tillits til hámarksflugtaksmassa eða fjölda farþegasæta þar sem „hreyfingar“ eru tilgreindar sem summa flugtaka og lendinga og reiknaðar sem meðaltal undanfarinna þriggja ára.
 Til þess að leggja inn slíka umsókn skal veitandi flugleiðsöguþjónustu, sem veitir ekki flugumferðarþjónustu, hafa ársveltu sem nemur 1 000 000 evra eða minna sem tengist þeirri þjónustu sem hann veitir eða áætla að veita.
Ef veitandi flugleiðsöguþjónustu getur ekki, vegna hlutlægra hagkvæmnisástæðna, lagt fram sönnunargögn þess efnis að hann uppfylli þessar viðmiðanir, er innlenda eftirlitsyfirvaldinu heimilt að samþykkja sambærilegar tölur eða spár í tengslum við efri mörkin sem skilgreind eru í þriðju og fjórðu undirgrein.
Þegar veitandi flugleiðsöguþjónustu leggur inn slíka umsókn skal hann samtímis senda innlenda eftirlitsyfirvaldinu viðeigandi sönnunargögn er varða viðmiðin.
2. Innlenda eftirlitsyfirvaldi er heimilt að veita umsækjendum, sem uppfylla viðmiðanir 1. mgr., sérstakar undanþágur í réttu hlutfalli við framlag þeirra til rekstrarstjórnunar flugumferðar í því loftrými sem er á ábyrgð viðkomandi aðildarríkis.
Þessar undanþágur mega einungis tengjast kröfum I. viðauka, sbr. þó eftirfarandi undantekningar:
 - a) hluti 1, tæknileg og rekstrarleg hæfni og geta,
 - b) hluti 3.1, öryggisstjórnun,
 - c) hluti 5, mannaúður,
 - d) hluti 8.1, opin og gagnsæ veiting þjónustu.
3. Til viðbótar við undanþágurnar, sem um getur í 2. mgr., er innlenda eftirlitsyfirvaldi heimilt að veita þeim umsækjendum undanþágu sem veita flugupplýsingaþjónustu á flugvöllum og starfrækja að jafnaði ekki fleiri en eina vinnustöð á hverjum flugvelli. Þetta skal gert í réttu hlutfalli við framlag umsækjanda til rekstrarstjórnunar flugumferðar í því loftrými sem er á ábyrgð viðkomandi aðildarríkis.
Þessar undanþágur mega einungis tengjast eftirfarandi kröfum í 3. hluta II. viðauka:
 - a) ábyrgð á öryggisstjórnun ásamt utanaðkomandi þjónustu og vörukaupum (samkvæmt hluta 3.1.2),
 - b) öryggiskönnun (samkvæmt hluta 3.1.3),
 - c) öryggiskröfum um áhættumat og ráðstöfunum til að draga úr áhættu í tengslum við breytingar (hluti 3.2).
4. Ekki skal veita neinar undanþágur frá kröfunum sem er að finna í III., IV. og V. viðauka.
5. Í samræmi við II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin) skal innlenda eftirlitsyfirvaldið:
 - a) skilgreina eðli og umfang undanþágunnar, í tengslum við skilyrðin sem fylgja starfsleyfinu, með því að tilgreina lagagrundvöll hennar,
 - b) takmarka gildistíma starfsleyfisins og
 - c) fylgjast með því hvort veitendur flugleiðsöguþjónustu uppfylli áfram skilyrði undanþágunnar.

5. gr.

Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar.

1. Að beiðni innlenda eftirlitsfirvaldsins skal veitandi flugleiðsöguþjónustu leggja fram öll viðeigandi sönnunargögn til að sýna fram á að gildandi, sameiginlegar kröfur séu uppfylltar. Veitanda flugleiðsöguþjónustu er heimilt að nýta sér til fulls fyrirbyggjandi gögn.
2. Veitandi flugleiðsöguþjónustu, sem hefur starfsleyfi, skal tilkynna innlenda eftirlitsfirvaldinu um fyrirhugaðar breytingar á veitingu þjónustu sem geta haft áhrif á að hann uppfylli viðeigandi, sameiginlegar kröfur eða skilyrðin sem fylgja starfsleyfinu.
3. Veitandi flugumferðarþjónustu, sem hefur starfsleyfi, skal tilkynna innlenda eftirlitsfirvaldinu um fyrirhugaðar, öryggistengdar breytingar á veitingu flugumferðarþjónustu.
4. Ef veitandi flugleiðsöguþjónustu uppfyllir ekki lengur viðeigandi, sameiginlegar kröfur eða skilyrðin, sem fylgja starfsleyfinu, skal innlenda eftirlitsfirvaldið taka ákvörðun innan eins mánaðar. Með þessari ákvörðun skal innlenda eftirlitsfirvaldið krefjast þess að veitandi flugleiðsöguþjónustu geri viðeigandi úrbætur. Viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu skal þegar í stað tilkynnt um ákvörðunina. Innlenda eftirlitsfirvaldið skal kanna hvort úrbæturnar hafi verið gerðar áður en það tilkynnir viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu um samþykki sitt. Ef innlenda eftirlitsfirvaldið telur að ekki hafi verið rétt staðið að úrbótum innan samþykkrar tímaáætlunar skal það grípa til viðeigandi fullnustaráðstafana í samræmi við 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin) og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 (rammareglugerðin), að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja áframhaldandi þjónustu.

6. gr.

Greitt fyrir eftirliti með því að kröfur séu uppfylltar.

Í samræmi við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin) skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu greiða fyrir skoðunum og könnunum innlenda eftirlitsfirvaldsins eða viðurkenndrar stofnunar eða fyrirtækis sem sinnir starfi sínu fyrir hönd eftirlitsfirvaldsins, þ.m.t. vettvangsheimsóknir og heimsóknir sem ekki eru tilkynntar fyrirfram. Einstaklingar með tilskilin leyfi skulu hafa umboð til að framkvæma eftirfarandi verkefni:

- a) að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem tengist veitingu flugleiðsöguþjónustu,
- b) að taka afrit af eða gera útdrætti úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,
- c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,
- d) að fara inn á athafnasvæði, land eða í farartæki sem eru málinu viðkomandi.

Slíkar skoðanir og kannanir skulu framkvæmdar í samræmi við lagaákvæði aðildarríkisins þar sem þær eiga að fara fram.

7. gr.

Stöðugt eftirlit með því að kröfur séu uppfylltar.

Innlenda eftirlitsfirvaldið skal árlega hafa eftirlit með því, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, hvort veitandi flugleiðsöguþjónustu, sem það hefur veitt starfsleyfi, haldi áfram að uppfylla kröfurnar.

Í þessu skyni skal innlenda eftirlitsfirvaldið koma á og uppfæra árlega leiðbeinandi skoðunaráætlun sem tekur til allra þjónustuveitenda sem hafa fengið starfsleyfi á grundvelli áhættumats sem tengist mismunandi starfsemi þeirrar þjónustu sem veitt er. Yfirvaldið skal hafa samráð við hlutaðeigandi veitendur flugleiðsöguþjónustu svo og öll önnur hlutaðeigandi innlend eftirlitsfirvöld, ef við á, áður en vinna við slíka áætlun hefst.

Í áætluninni skal tilgreina hversu langur tími er fyrirhugað að líði milli skoðana á mismunandi athafnasvæðum.

8. gr.

Öryggisreglur fyrir tæknifólk.

Að því er varðar veitingu flugumferðar-, fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal innlenda eftirlitsfirvaldið eða annað yfirvald, sem tilnefnt er af aðildarríki, til að sinna þessu verkefni, sjá um:

- a) að gefa út viðeigandi öryggisreglur fyrir tæknifólk sem sinnir öryggistengdum verkefnum,
- b) að tryggja viðunandi og viðeigandi öryggisefirlit með tæknifólki sem starfar hjá stofnun eða fyrirtæki í rekstri og sinnir öryggistengdum verkefnum,
- c) að gera viðeigandi ráðstafanir að því er varðar stofnun eða fyrirtæki í rekstri og/eða tæknifólk, sem uppfyllir ekki ákvæði hluta 3.3. í II. viðauka, að lokinni tilhlýðilegri athugun og á réttmætum forsendum,
- d) að ganga úr skugga um að fyrir hendi séu viðeigandi aðferðir til að tryggja að þriðju aðilar, sem falin eru öryggistengd verkefni, uppfylli ákvæði hluta 3.3. í II. viðauka.

9. gr.

Málsmeðferð við jafningjarýni.

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, koma á jafningjarýni meðal innlendra eftirlitsfirvalda í samræmi við 2. til 6. mgr.

2. Hópur sérfræðinga, í hverju aðildarríki fyrir sig, skal sjá um framkvæmd jafningjarýnnar. Hópurinn skal skipaður sérfræðingum frá a.m.k. þremur mismunandi aðildarríkjum. Sérfræðingar skulu ekki taka þátt í jafningjarýni í því aðildarríki þar sem þeir starfa. Framkvæmdastjórnin skal mynda og viðhalda hópi sérfræðinga, í hverju aðildarríki fyrir sig, sem tilnefndur er af aðildarríkjunum og lætur sig varða alla þætti sameiginlegu krafanna sem taldir eru upp í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin).
3. Eigi síðar en þremur mánuðum áður en jafningjarýnin fer fram skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu og hlutaðeigandi innlendum eftirlitsyfirvöldum hvaða dag er áætlað að hún fari fram og tilgreina þá sérfræðinga sem eiga að taka þátt í henni. Aðildarríkið, þar sem eftirlitsyfirvaldið sætir jafningjarýni, skal samþykkja sérfræðingahópinn áður en hann getur framkvæmt jafningjarýnina.
4. Innan þriggja mánaða frá lokum jafningjarýnnar skal hópurinn semja samhljóða skýrslu sem þar sem setja má fram tillögur. Framkvæmdastjórnin skal boða til fundar með sérfræðingunum og innlenda eftirlitsyfirvaldinu til að ræða skýrsluna.
5. Framkvæmdastjórnin skal framsenda skýrsluna til hlutaðeigandi aðildarríkis. Aðildarríkinu er heimilt, innanþriggja mánaða frá viðtöku skýrslunnar, að setja fram athugasemdir sínar. Í athugasemdunum skulu koma fram, þar sem það á við, til hvaða aðgerða aðildarríkið hefur gripið eða hvernig það hyggst bregðast við jafningjarýnni innan tiltekinna tímamarka. Skýrslan um jafningjarýni og eftirfylgniskýrsla hennar skulu ekki birtar nema annað sé ákveðið í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki.
6. Framkvæmdastjórnin skal árlega tilkynna aðildarríkjunum um helstu niðurstöður þessara úttekta fyrir milligöngu nefndar um samevrópskt lofrými.

10. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jacques BARROT
varaforseti.

I. VIÐAUKI

ALMENNAR KRÖFUR UM VEITINGU FLUGLEIÐSÖGUGJÓNUSTU

1. TÆKNILEG OG REKSTRARLEG HÆFNI OG GETA

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal vera fær um að veita þjónustu á öruggan, skilvirkan, samfelldan og varanlegan hátt í samræmi við eðlilega heildareftirspurn eftir tilteknu lofrými. Í þessu skyni skal þjónustuveitandi viðhalda fullnægjandi tækni- og rekstrarlegu hæfi og sérþekkingu.

2. STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNUN

2.1. Stjórnskipulag

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal koma á fót stofnun eða fyrirtæki og reka það samkvæmt skipulagi sem styður örugga, skilvirka og samfellda þjónustu. Í stjórnskipulagi skal skilgreina:

- a) heimildir, störf og ábyrgð tilnefndra yfirmanna, einkum þeirra stjórnenda sem bera ábyrgð á aðgerðum sem tengjast öryggi, gæðum, vernd (security), fjármálum og mannaúði,
- b) tengsl og boðleiðir milli mismunandi hluta og ferla innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins.

2.2. Skipulagsstjórnun

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal semja viðskiptaáætlun sem tekur til a.m.k. fimm ára. Í viðskiptaáætluninni skal koma fram:

- a) heildarmarkmið veitanda flugleiðsöguþjónustu og aðferðir til að uppfylla þau í samræmi við hvers kyns heildarlangtímaáætlun þjónustuveitandans ásamt viðeigandi kröfum Bandalagsins í tengslum við þróun grunnvirkja eða annarrar tækni,
- b) viðeigandi árangursmarkmið að því er varðar gæði og stig þjónustu, öryggi og kostnaðarhagkvæmni.

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal semja árlega áætlun, sem tekur til komandi árs, og þar skal tilgreina nánar tiltekna þætti viðskiptaáætlunarinnar og lýsa öllum breytingum á henni.

Árlega áætlunin skal taka til eftirfarandi ákvæða að því er varðar stig og gæði þjónustu, s.s. fyrirhugað afkastastig, öryggi og seinkanir sem verða á flugi svo og fjárhagsráðstafanir:

- a) upplýsingar um framkvæmd nýrra grunnvirkja eða annarra þróunarferla og yfirlýsing um hvernig þau muni stuðla að því að hækka stig þjónustunnar og auka gæði hennar,
- b) vísbendingar um árangur sem hægt er að nota til að meta stig og gæði þjónustunnar með skynsamlegum hætti,
- c) áætluð fjárhagsstaða þjónustuveitandans til skemmri tíma ásamt öllum breytingum á viðskiptaáætlun eða áhrifum á hana.

3. ÖRYGGIS- OG GÆÐASTJÓRNUN

3.1. Öryggisstjórnun

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal stýra öryggi allrar sinnar þjónustu. Í því skyni skal hann mynda formleg tengsl við alla hagsmunaaðila sem kunna að hafa bein áhrif á öryggi þjónustunnar.

3.2. Gæðastjórnunarkerfi

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal, eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, hafa komið á gæðastjórnunarkerfi sem nær til allrar þjónustu á sviði flugleiðsögu sem viðkomandi veitir í samræmi við eftirfarandi meginreglur. Hann skal:

- a) skilgreina gæðastefnuna þannig að hún uppfylli þarfir mismunandi notenda eins vel og kostur er,
- b) koma á gæðatryggingaráætlun sem felur í sér aðferðir til að sannreyna að öll starfsemi fari fram í samræmi við gildandi kröfur, staðla og verklagsreglur,
- c) leggja fram gögn um að gæðakerfið starfi rétt, þ.e. handbækur og eftirlitsskjöl,
- d) tilnefna fulltrúa stjórnenda til að fylgjast með því að kröfurnar séu uppfylltar og að verklagsreglur séu fullnægjandi til að tryggja öruggar og skilvirkar rekstrarvenjur,
- e) láta fara fram úttektir á því gæðakerfi, sem komið hefur verið á, og gera úrbætur, eftir því sem við á. EN-ISO-9001 vottun, sem tekur til allrar flugleiðsöguþjónustu veitandans og er gefin út af stofnun eða fyrirtæki sem hlotið hefur viðeigandi faggildingu, skal teljast fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfurnar. Fari innlenda eftirlitsyfirvaldið þess á leit skal veitandi flugleiðsöguþjónustu samþykka að yfirvaldið fái afhent gögn sem tengjast vottuninni.

3.3. Rekstrarhandbækur

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal taka saman og uppfæra rekstrarhandbækur í tengslum við þjónustu, sem viðkomandi veitir, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk sem kemur að rekstri flugleiðsöguþjónustunnar. Hann skal sjá til þess:

- a) að í rekstrarhandbókum séu fyrirmæli og upplýsingar sem starfsfólk, sem kemur að rekstri flugleiðsöguþjónustu, þarf á að halda til að sinna störfum sínum,
- b) að viðeigandi hlutar rekstrarhandbókanna séu aðgengilegir hlutaðeigandi starfsfólki,
- c) að starfsfólk við rekstur flugleiðsöguþjónustu fái með skjóttum hætti upplýsingar um breytingar á rekstrarhandbókinni, sem varða störf þess, og gildistöku dag breytinganna.

4. VERNDARRÁÐSTAFANIR

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal koma á verndarstjórnunarkerfi (security management system) til að tryggja:

- a) vernd búnaðar og starfsfólks, sem kemur að rekstri flugleiðsöguþjónustu, til að koma í veg fyrir ólögmet afskipti af veitingu þjónustunnar,
- b) vernd rekstrargagna, sem hann tekur við, útbýr eða nýtir á annan hátt, þannig að aðgangur að þeim takmarkist við þá sem hafa til þess heimild.

Í verndarstjórnunarkerfinu skal skilgreina:

- a) verklagsreglur í tengslum við öryggisáættum og ráðstafanir til að draga úr áhættu, verndareftirlit og úrbætur, verndarúttekt og miðlun reynslu,
- b) aðferðir, sem er ætlað að greina verndarbrot og til að gera starfsfólki viðvart með viðeigandi verndarviðvörðunum,
- c) aðferðir til að takmarka áhrif verndarbrot og tilgreina aðgerðir til endurbóta og ráðstafanir til að draga úr áhættu til þess að koma í veg fyrir endurtekningu. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal, ef við á, tryggja starfsfólki sínu aðgangsheimild og tryggja vernd búnaðar, starfsfólks og gagna í samræði við borgaraleg yfirvöld og hermálafyrirvöld.

5. MANNAUÐUR

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal ráða til starfa starfsfólk sem ræður yfir viðeigandi færni til að tryggja að þjónustan sé veitt á öruggan, skilvirkan, samfelldan og varanlegan hátt. Í þessu sambandi skal þjónustuveitandi marka stefnu í tengslum við ráðningu og þjálfun starfsfólks.

6. FJÁRHAGSLEGUR STYRKUR

6.1. Efnahagsleg og fjárhagsleg geta

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal vera fær um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar, s.s. fastan og breytilegan kostnað við reksturinn eða kostnað við fjárfestingar. Þjónustuveitandinn skal nota viðeigandi kostnaðarbókhald. Hann skal sýna fram á getu sína með árlegri áætlun, sem um getur í lið 2.2. í þessum viðauka, og einnig með efnahagsreikningum og reikningshaldi að því marki sem unnt er samkvæmt réttarstöðu.

6.2. Endurskoðun

Í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin) skal veitandi flugleiðsöguþjónustu sýna fram á að óháður endurskoðandi endurskoði starfsemina reglubundið.

7. BÓTAÁBYRGÐ OG TRYGGINGAVERND

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal gera ráðstafanir til að uppfylla bótaábyrgð sína samkvæmt gildandi lögum.

Sú aðferð, sem er notuð til að uppfylla ábyrgðina, skal vera í samræmi við hugsanlegt tjón og skemmdir sem um er að ræða, að teknu tilliti til réttarstöðu veitanda flugleiðsöguþjónustu og umfangs þeirrar viðskiptalegu tryggingaverndar sem fáanleg er.

Veitandi flugleiðsöguþjónustu, sem nýtir sér þjónustu annars veitanda flugleiðsöguþjónustu, skal tryggja að samkomulagið taki til skiptingar bótaábyrgðar þeirra á milli.

8. GÆÐI ÞJÓNUSTU

8.1. Opín og gagnsæ veiting þjónustu

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal veita þjónustu sína á opinn og gagnsæjan hátt. Þjónustuveitandinn skal birta skilyrði fyrir aðgangi að þjónustu sinni og koma á reglubundnu, formlegu samráðsferli milli notenda þjónustu sinnar, annaðhvort á einstaklingsgrundvelli eða sameiginlegum grundvelli og a.m.k. einu sinni á ári. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal ekki mismuna notendum eða hópum notenda vegna þjóðernis eða hverjir þeir eru í samræmi við gildandi lög Bandalagsins.

8.2. Viðbragðsáætlanir

Eigi síðar en einu ári eftir útgáfu starfsleyfis skal veitandi flugleiðsöguþjónustu hafa innleitt viðbragðsáætlanir fyrir hvers kyns þjónustu sem hann veitir, til að bregðast við atburðum sem hafa í för með sér verulega skerðingu eða truflun á viðkomandi þjónustu.

9. KRÖFUR UM SKÝRSLUGJÖF

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal vera fær um að leggja ársskýrslu fyrir viðkomandi innlent eftirlitsyfirvald um starfsemi sína. Í þessari skýrslu skulu koma fram fjárhagsniðurstöður þjónustuveitandans, með fyrirvara um 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin), einnig rekstrarlegur árangur hans og öll önnur mikilvæg starfsemi og þróun, einkum á sviði öryggis.

Í ársskýrslunni skal a.m.k. koma fram:

- mat á stigi og gæðum veittrar þjónustu og því öryggisstigi sem veitt er,
- árangur veitanda flugleiðsöguþjónustu í samanburði við árangursmarkmiðin sem koma fram í viðskiptaáætluninni þar sem raunverulegur árangur er samræmdur ársáætluninni með notkun árangursvísbenda sem eru ákvarðaðir í ársáætluninni,
- þróun á sviði rekstrar og grunnvirkja,
- fjárhagsniðurstöður, svo fremi þær séu ekki birtar sérstaklega í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin),
- upplýsingar um formlegt samráðsferli með þjónustunotendum,
- upplýsingar um stefnumótun í mannaúðsmálum.

Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal koma efni ársskýrslunnar á framfæri við almenning samkvæmt skilyrðum sem innlenda eftirlitsyfirvaldið ákvarðar í samræmi við landslög.

II. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR KRÖFUR UM VEITINGU FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU

1. EIGNARHALD

Veitandi flugumferðarþjónustu skal gera innlendu eftirlitsyfirvaldi, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðin), skýra grein fyrir:

- réttarstöðu sinni, skipulagi eignarhalds og öllum ráðstöfunum sem hafa umtalsverð áhrif á yfirráð yfir eignum,
- öll tengsl við stofnanir eða fyrirtæki, sem eiga ekki aðild að veitingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. viðskiptastarfsemi sem þjónustuveitandi tengist, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu tengdra fyrirtækja, sem nemur meira en 1% af áætluðum tekjum hans. Þjónustuveitandi skal enn fremur tilkynna hvers kyns breytingar á hlutfjáreign sem nemur 10% eða meira af heildarhlutfjáreign.

Veitandi flugumferðarþjónustu skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hvers konar hagsmunaárekstra sem gætu stofnað óhlutdrægri og hlutlægrri þjónustuveitingu í hættu.

2. OPIN OG GAGNSÆ VEITING ÞJÓNUSTU

Til viðbótar við ákvæði hluta 8.1 í I. viðauka og ef aðildarríki ákveður að skipuleggja veitingu sérstakrar flugumferðarþjónustu í samkeppnisumhverfi er aðildarríki heimilt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að veitendur þessarar tilteknu flugumferðarþjónustu aðhafist hvorki eitthvað sem miðar að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni né neitt sem, í samræmi við gildandi landslög og lög Bandalagsins, telst vera misnotkun á yfirburðastöðu.

3. ÖRYGGI ÞJÓNUSTU

3.1. Öryggisstjórnunarkerfi

3.1.1. Almennar öryggiskröfur

Veitandi flugumferðarþjónustu skal innleiða öryggisstjórnunarkerfi sem skal vera óaðskiljanlegur hluti starfseminnar og tryggja:

- að hann beiti formlegri, skýrri og markvissri aðferð við kerfisbundna öryggisstjórnun til að uppfylla öryggisábyrgð sína við veitingu þjónustu sinnar, að hann starfi með hliðsjón af hvers kyns þjónustu, sem hann veitir, og stuðningsfyrirkomulagi, sem er undir hans stjórn, og þar sem lögð er til grundvallar yfirlýsing um stefnumótun í öryggismálum þar sem tilgreind er grundvallaraðferð stofnunarinnar eða fyrirtækisins á sviði öryggisstjórnunar (öryggisstjórnun),
- að allir sem koma að öryggisþáttum við veitingu flugumferðarþjónustu beri ábyrgð á eigin gjörðum, að stjórnendur beri ábyrgð á öryggisframmistöðu viðkomandi skrifstofa eða deilda og að yfirstjórn þjónustuveitandans beri heildarábyrgð á öryggi (öryggisábyrgð),
- að markmiðið að ná fullnægjandi öryggisstigi í flugumferðarþjónustu skuli hafa algeran forgang (öryggisforgangur)
- að mikilvægasta öryggismarkmið hans, á meðan hann veitir flugumferðarþjónustu, sé að áhættuþættir að því er varðar flugslys, séu unnir þannig að áhætta sé í raunhæfu lágmarki (öryggismarkmið).

3.1.2. Kröfur um öryggisárangur

Innan starfsemi öryggisstjórnunarkerfisins skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja:

- að starfsfólk hljóti fullnægjandi þjálfun og sé hæft til þess starfs sem því ber að vinna og því til viðbótar skal starfsfólk hafa tilskilin skírteini, ef gerð er krafa um slíkt, og uppfylla viðeigandi heilsufarskröfur (hæfni),
- að tilgreind sé öryggisstjórnunareining, sem ber skipulagsábyrgð á þróun og viðhaldi öryggisstjórnunarkerfisins, og skal þessi ábyrgðareining vera óháð stjórnun daglegs rekstrar (line management) og heyra beint undir yfirstjórn. Þegar um er að ræða litlar stofnanir eða fyrirtæki, þar sem samsetning skyldustarfa getur komið í veg fyrir nægilegt sjálfstæði, skal, til að tryggja fullvissu um öryggi, bæta við sjálfstæðum úrræðum og sjá til þess að yfirstjórn stofnunarinnar eða fyrirtækisins, sem veitir þjónustuna, taki virkan þátt í að tryggja öryggisstjórnun (öryggisstjórnunarábyrgð),
- að megindeg öryggisstig séu ákvörðuð og viðhaldið fyrir öll starfræn kerfi (megindeg öryggisstig), verði því við komið,
- að öryggisstjórnunarkerfið sé skráð kerfisbundið á þann hátt að það tengist með skýrum hætti öryggisstefnu stofnunarinnar eða fyrirtækisins (gögn öryggisstjórnunarkerfis),
- að nægileg rök séu færð fyrir öryggi utanaðkomandi þjónustu og vörukaupa, að teknu tilliti til þess hve mikilvægt er að gæta öryggis þeirra við veitingu þjónustunnar (utanaðkomandi þjónusta og vörukaup),

- að áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu fari fram á viðeigandi hátt til að tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til allra þátta þjónustunnar hjá rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM) (öryggisáhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu). Að því er varðar breytingar á starfrænu kerfi í rekstrarstjórnun flugumferðar gilda ákvæði hluta 3.2. í þessum viðauka,
- að rekstrarleg eða tæknileg atvik við rekstrarstjórnun flugumferðar, sem teljast hafa veruleg áhrif á öryggi, séu rannsökuð án tafar og gerðar séu allar nauðsynlegar úrbætur (öryggisatvik). Veitandi flugumferðarþjónustu skal einnig sýna fram á að hann hafi uppfyllt kröfur um skýrslugjöf og mat á öryggisatvikum í samræmi við gildandi landslög og lög Bandalagsins.

3.1.3. Kröfur um fullvissu um öryggi

Innan öryggisstjórnunarkerfisins skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja:

- að kannanir á öryggi fari fram að staðaldri, í því skyni að mælt sé með úrbótum þar sem þeirra er þörf, að stjórnendur fái fullvissu um öryggi þeirrar starfsemi, sem fer fram á þeirra sviðum, og að staðfest sé að viðeigandi hlutar öryggisstjórnunarkerfisins séu uppfylltir (öryggiskannanir),
- að fyrir hendi séu aðferðir til að greina breytingar á starfrænum kerfum eða starfsemi sem gefa til kynna að einhver þáttur sé að nálgast tiltekið stig þar sem ekki er unnt að uppfylla viðunandi öryggisstaðla og að gerðar séu ráðstafanir til að bæta úr ástandinu (öryggisvöktun),
- að haldnar séu öryggisskrár í öllum rekstri öryggisstjórnunarkerfisins með það í huga að veita öllum þeim sem tengjast, bera ábyrgð á eða treysta á þá þjónustu, sem veitt er, fullvissu um öryggi svo og innlenda eftirlitsfirvaldinu (öryggisskrár).

3.1.4. Kröfur um eflingu öryggis

Innan starfsemi öryggisstjórnunarkerfisins skal veitandi flugumferðarþjónustu tryggja:

- að allt starfsfólk geri sér grein fyrir mögulegri hættu í tengslum við störf sín (öryggisvitund),
- að lærdómi, sem draga má af rannsóknum á öryggisatvikum og annarri öryggisstarfsemi, sé miðlað innan stjórnunar- og rekstrarsviðs stofnunarinnar eða fyrirtækisins (lærdómsmiðlun),
- að allt starfsfólk sé hvatt til að gera tillögur að því hvernig leysa megi vanda sem tengist hættu, sem hefur verið greind, og að breytingar verði gerðar til að bæta öryggi þar sem þeirra virðist þörf (öryggisendurbætur).

3.2. Öryggiskröfur um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu með tilliti til breytinga

3.2.1. 1. þáttur

Veitandi flugumferðarþjónustu skal, innan starfsemi öryggisstjórnunarkerfisins, tryggja að hættugreining, ásamt áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu, fari fram á kerfisbundinn hátt fyrir hvers kyns breytingar á þeim hlutum starfræna kerfisins og stuðningsfyrirkomulags rekstrarstjórnunar flugumferðar, sem eru undir hans stjórn, á þann hátt sem tekur til:

- a) heildarlíftíma viðkomandi hluta starfræns kerfis í rekstrarstjórnun flugumferðar, frá því kerfið var upphaflega skipulagt og skilgreint til aðgerða, eftir að kerfinu hefur verið komið á, því viðhaldið og það úrelt,
- b) flug-, jarð- og, ef við á, geimhluta starfræns kerfis hjá rekstrarstjórnun flugumferðar í samstarfi við ábyrga aðila og
- c) búnaðar, verklagsreglna og mannaúðs starfræns kerfis í rekstrarstjórnun flugumferðar, samspils þessara þátta og samskipta milli viðkomandi hluta, sem um er að ræða, og annarra þátta starfræns kerfis í rekstrarstjórnun flugumferðar.

3.2.2. 2. þáttur

Hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu skulu fela í sér:

- a) að ákveða umfang, mörk og snertifleti viðkomandi hluta ásamt því að auðkenna þá starfsemi sem viðkomandi hluti á að annast og það umhverfi sem starfsemiinni er ætlað að fara fram í,
- b) að ákveða öryggismarkmið fyrir viðkomandi hluta sem fela í sér:
 - að greina trúverðugar hættur og bilunarástæður innan rekstrarstjórnunar flugumferðar ásamt samanlögðum áhrifum þeirra,
 - að meta afleiðingar, sem þær kunna að hafa á öryggi loftfara ásamt því að meta alvarleika slíkra afleiðinga, með því að flokka alvarleika eins og kveðið er á um í 4. þætti,
 - að ákveða þölmörk þeirra, að því er varðar hámarkslíkur á því að hættan eigi sér stað, sem ákvarðast af alvarleika og hámarkslíkum afleiðinga hættunnar á þann hátt sem samræmist 4. þætti,
- c) að setja fram, eftir því sem við á, aðferðir til að draga úr áhættu þar sem:
 - tilgreindar eru varnir, sem á að innleiða, til að verjast hættu,
 - tilgreint er, ef nauðsyn krefur, þróun öryggiskrafna sem hafa mögulegt gildi fyrir viðkomandi hluta eða aðra hluta starfræns kerfis í rekstrarstjórnun flugumferðar eða rekstrarumhverfi og
 - sýnt er fram á að þær séu framkvæmanlegar og skilvirkar,
- d) að færa sönnur á að öll tilgreind öryggismarkmið og öryggiskröfur hafi verið uppfylltar:
 - áður en breytingar eru framkvæmdar,
 - meðan á aðlögunaráfanga stendur áður en rekstur hefst,
 - meðan endingartíminn varir og
 - meðan á aðlögunaráfanga stendur þar til úrelding á sér stað.

3.2.3. 3. þáttur

Flokka skal niðurstöður, tengd rök og gögn um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, þ.m.t. hættugreining, og skjalfesta á þann hátt sem tryggir:

- að fyrir hendi sé fullgildur rökstuðningur til að sýna fram á að sá hluti, sem um er að ræða, ásamt starfrænu heildarkerfi í rekstrarstjórnun flugumferðar, sé þolanlega öruggt og verði það áfram með því að uppfyllt séu öll öryggismarkmið og öryggiskröfur; þetta skal taka til, eftir því sem við á, forskrifta um hvers kyns forspár-, eftirlits- eða könnunaraðferðir sem eru notaðar,
- að allar öryggiskröfur, sem tengjast framkvæmd breytinga, séu rekjanlegar til fyrirhugaðs reksturs/starfsemi.

3.2.4. 4. þáttur

Hættugreining og alvarleikamat

Framkvæma skal kerfisbundna greiningu á hættu. Ákveða skal alvarleika afleiðinga af völdum hættu í tilteknu rekstrarumhverfi með því að nota flokkunarkerfið í eftirfarandi töflu þar sem alvarleikaflokkun byggist á tilteknu viðmiði sem sýnir líklegustu afleiðingar af völdum hættu miðað við verstu hugsanlegu aðstæður:

Alvarleikaflokkur	Áhrif á rekstur
1 (Alvarlegast)	Slys (¹).
2	Alvarlegt flugatvik (¹).
3	Meiri háttar flugatvik, sem tengist starfrækslu loftfars, þar sem öryggi loftfarsins kann að hafa verið stofnað í hættu sem hefði getað haft í för með sér árekstur við annað loftfar, jörð eða hindranir.
4	Verulegt flugatvik sem felur í sér aðstæður sem benda til þess að slys, alvarlegt flugatvik eða meiri háttar flugatvik gæti hafa átt sér stað ef ekki hefði tekist að afstýra hættunni innan öryggismarka eða ef annað loftfar hefði verið nálægt.
5 (Minnst alvarlegt)	Engin bein áhrif á öryggi.

Eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum og óhöppum í almenningsflugi (Stjútíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 14).

Til þess að álykta um afleiðingar sem hættu hefur á rekstur og til að meta alvarleika hennar skal kerfisbundin aðferð/ferli fela í sér afleiðingar hættu á ýmsa þætti starfræns kerfis í rekstrarstjórnun flugumferðar, s.s. flugáhafnir, flugumferðarstjóra, starfræna getu loftfara, starfræna getu þess hluta starfræns kerfis í rekstrarstjórnun flugumferðar, sem er á jörðu niðri, og hæfni til að veita örugga flugumferðarþjónustu.

Áhættuflokkunarkerfi

Fastsetja skal öryggismarkmið, sem byggjast á áhættu, með tilliti til hámarkslíka á því að hættan eigi sér stað sem má annars vegar rekja til þess hversu alvarlegar afleiðingarnar eru og hins vegar til hámarkslíka þess að afleiðinga hættunnar verði vart.

Til að færa enn frekari sönnur á að megindegum markmiðum hafi verið náð skal beita frekari öryggisstjórnunarlegum verkferlum til að auka öryggi kerfa í rekstrarstjórnun flugumferðar, þegar slíkt telst eðlilegt.

3.3. Öryggiskröfur varðandi tæknifólk sem sinnir öryggistengdum verkefnum

Veitandi flugumferðarþjónustu skal tryggja að tæknifólk, þ.m.t. starfsfólk undirverktaka stofnana eða fyrirtækja, sem starfar við og viðheldur búnaði fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem er viðurkenndur til notkunar í rekstri, búi yfir og viðhaldi nægilegri þekkingu og skilningi á þeirri þjónustu, sem það styður, svo og á raunverulegum og mögulegum áhrifum starfs síns á öryggi viðkomandi þjónustu og á viðeigandi takmörkunum sem beita ber í starfi.

Hvað varðar starfsfólk sem tekur þátt í öryggistengdum verkefnum, þ.m.t. starfsfólk undirverktaka stofnana eða fyrirtækja, skal veitandi flugumferðarþjónustu færa sönnur á að starfsfólk sé nægilega hæft til starfa, að til staðar sé vaktafyrirkomulag sem tryggir næga afkastagetu og samfellu í þjónustu, áætlun og stefnumótun um menntun og hæfi starfsfólks, stefnumótun í tengslum við þjálfun starfsfólks, þjálfunaráætlanir og skrár ásamt fyrirkomulagi í tengslum við þjálfun ófaglærðs

starfsfólks. Veitandi þjónustu skal setja verklagsreglur þegar vafi leikur á því hvort starfsfólk sé líkamlega eða andlega heilt.

Veitandi flugumferðarþjónustu skal halda skrá með upplýsingum um fjölda, stöðu og nýtingu starfsfólks sem tekur þátt í öryggistengdum verkefnum. Í skránni skal:

- a) tilgreina ábyrgðarmenn öryggistengdra starfa,
- b) tilgreina viðeigandi menntun og hæfi tækni- og rekstrarmentaðs starfsfólks í framhaldi af tilskildum kröfum um starfsfærni og hæfni,
- c) tilgreina staði sem tæknifólk og starfsfólk, sem kemur að rekstri flugleiðsöguþjónustu, starfar á og störf sem því er falið, þ.m.t. vaktafyrirkomulag.

4. STARFSADFERÐIR OG VERKLAGSREGLUR

Veitandi flugumferðarþjónustu skal geta sýnt fram á að starfsaðferðir og verklagsreglur samræmist kröfunum í eftirfarandi viðaukum við samninginn um alþjóðlegt almenningflug að svo miklu leyti sem þær varða veitingu flugumferðarþjónustu í viðkomandi loftrými:

- 2. viðauka um flugreglur (10. útgáfa, júlí 2005) að meðtöldum öllum breytingum að breytingu nr. 40, sbr. auglýsing um flugreglur,
- 10. viðauka um flugfjarskipti, 2. bindi um fjarskiptastarfshætti (6. útgáfa, október 2006 ásamt öllum breytingum til og með nr. 82),
- 11. viðauka um flugumferðarþjónustu (13. útgáfa, júlí 2001 ásamt öllum breytingum til og með nr. 45).

III. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR KRÖFUR UM VEITINGU VEÐURÞJÓNUSTU

1. TÆKNILEG OG REKSTRARLEG HÆFNI OG GETA

Veitandi veðurþjónustu skal tryggja að eftirtaldir aðilar hafi aðgang að veðurupplýsingum, sem eru nauðsynlegar svo þeir geti sinnt störfum sínum, og skulu upplýsingarnar vera á því formi sem þeim hentar:

- flugrekendur og flugliðar að því er varðar gerð flugáætlunar áður en flug hefst og meðan á flugi stendur,
- veitendur flugumferðarþjónustu og flugupplýsingaþjónustu,
- leitar- og björgunarþjónustudeildir og
- flugvellir.

Veitandi veðurþjónustu skal staðfesta það nákvæmnisstig, sem unnt er að ná fyrir upplýsingarnar sem hann dreifir í tengslum við starfsemina, þ.m.t. heimildir fyrir slíkum upplýsingum þar sem tryggt er að slíkum upplýsingum sé dreift í tæka tíð og þær uppfærðar eftir þörfum.

2. STARFSADFERÐIR OG VERKLAGSREGLUR

Veitandi veðurþjónustu skal geta sýnt fram á að starfsaðferðir og verklagsreglur í tengslum við rekstur samræmist kröfunum í eftirfarandi viðaukum við samninginn um alþjóðlegt almenningflug, að svo miklu leyti sem þær varða veitingu veðurþjónustu í viðkomandi loftrými:

- 3. viðauka um veðurfræðilega þjónustu fyrir alþjóðaflug (16. útgáfa, júlí 2007) ásamt öllum breytingum til og með breytingu nr. 74,
- 11. viðauka um flugumferðarþjónustu (13. útgáfa, júlí 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 45),
- 14. viðauka um flugvelli (4. útgáfa I. bindi, júlí 2004; 2. útgáfa II. bindi, júlí 1995 ásamt öllum breytingum til og með nr. 9), sbr. reglugerð um flugvelli,
- 14. viðauka um þyriluvelli (2. útgáfa, júlí 2005) ásamt öllum breytingum til og með breytingu nr. 3, sbr. reglugerð um flugvelli.

IV. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR KRÖFUR UM VEITINGU UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU FLUGMÁLA

1. TÆKNILEG OG REKSTRARLEG HÆFNI OG GETA

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja að upplýsingar og gögn séu tiltæk fyrir starfsemina, á því formi sem hentar fyrir:

- starfsfólk sem starfar við flugrekstur, þ.m.t. flugliðar, einnig fyrir flugáætlanir, flugstýrikerfi og flugherma, og
- veitendur flugumferðarþjónustu sem eru ábyrgir fyrir flugupplýsingaþjónustu, flugupplýsingaþjónustu á flugvöllum og veitingu upplýsinga fyrir flug. Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal tryggja heilleika gagnanna og staðfesta nákvæmnisstig upplýsinganna, sem dreift er í tengslum við starfsemina, þ.m.t. heimildir fyrir slíkum upplýsingum áður en þeim er dreift.

2. STARFSADFERÐIR OG VERKLAGSREGLUR

Veitandi upplýsingaþjónustu flugmála skal geta sýnt fram á að starfsaðferðir og verklagsreglur í tengslum við starfsemina samræmist kröfum í eftirfarandi viðaukum við samninginn um alþjóðlegt almenningsflug að svo miklu leyti sem þær varða veitingu upplýsingaþjónustu flugmála í viðkomandi loftrými.

- 3. viðauka um veðurfræðilega þjónustu fyrir alþjóðaflug (16. útgáfa, júlí 2004) ásamt öllum breytingum til og með breytingu nr. 74,
- 4. viðauka um flugkort (10. útgáfa, júlí 2001, ásamt öllum breytingum til og með nr. 54),
- 15. viðauka um upplýsingaþjónustu flugmála (12. útgáfa, júlí 2004) með öllum breytingum til og með breytingu nr. 34.

V. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR KRÖFUR UM VEITINGU FJARSKIPTA-, LEIÐSÖGU- EÐA KÖGUNARÞJÓNUSTU

1. TÆKNILEG OG REKSTRARLEG HÆFNI OG GETA

Veitandi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal tryggja að þjónustan sé aðgengileg, samfelld, nákvæm og heildstæð. Veitandi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal staðfesta gæðastig þjónustunnar, sem veitt er, og sýna fram á að búnaði hans sé reglulega viðhaldið og hann kvarðaður þegar þess er krafist.

2. ÖRYGGI ÞJÓNUSTU

Veitandi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal uppfylla kröfur 3. hluta II. viðauka um öryggi þjónustu.

3. STARFSADFERÐIR OG VERKLAGSREGLUR

Veitandi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu skal geta sýnt fram á að starfsaðferðir og verklagsreglur í tengslum við starfsemina uppfylli kröfur 10. viðauka við Chicago samninginn í eftirfarandi útgáfum, að svo miklu leyti sem þær eiga við um veitingu fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarþjónustu í viðkomandi loftrými:

- (a) I. bindi, 6. útgáfa, júlí 2006 með öllum breytingum til og með breytingu nr. 82,
- (b) II. bindi, 6. útgáfa, október 2006 með öllum breytingum til og með breytingu nr. 82.,
- (c) III. bindi, 2. útgáfa, júlí 2007 með öllum breytingum til og með breytingu nr. 82,
- (d) IV. bindi, 4. útgáfa, júlí 2007 með öllum breytingum til og með breytingu nr. 82,
- (e) V. bindi, 2. útgáfa, júlí 2001 með öllum breytingum til og með breytingu